

Mennta- og barnamálaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2023

## Efni: Mál nr. 38/2023 - Frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála

Skólameistarafélag Íslands lýsir ánægju með nýja þjónustustofnun á sviði menntamála. Það er þörf á sértækri þjónustu við framhaldsskólana. Mikilvægt er að verkefni stofnunar sem skilgreind eru í frumvarpinu, verkefni sem eiga að styðja, samhæfa og eftir atvikum framkvæma skólaþjónustu verði fylgt eftir og að stofnunin nái því markmiði að verða leiðandi þegar kemur að þjónustu við skólana um land allt. Við tökum undir að þegar settar hafa verið inn nýjar stefnur í menntakerfinu þá vantar gjarnan að fylgja þeim eftir og það á bæði við um stuðning og fjármagn til að fylgja stefnum eftir. Það hefur aukið flækjustig og gert alla innleiðingu erfiðari heldur en ella.

Innritun í framhaldsskóla hefur verið miðlæg að mestu um árabíl og nauðsynlegt er að tryggja að innritunartími í framhaldsskólana teygist ekki langt fram á sumar eins og stundum hefur gerst. Einnig þarf að huga að uppfærslu kerfa og tryggja að þau séu eins notendavæn og nokkur kostur er á hverjum tíma og að innritunarkerfið sé samhæft við önnur kerfi. Innritunarkerfin þurfa einnig að huga að ólíkum skólagerðum og ólíkum innritunartímabilum. Við þurfum að forðast að vera með mörg innritunarkerfi eins og nú er staðan, það eykur flækju og kostnað við innritun.

Starfþróun starfsfólks skólanna hefur aldrei verið eins mikilvæg og nú, þegar samfélagsbreytingar eru eins hraðar og raun ber vitni. Það er því mikilvægt að stutt sé við starfsþróun starfsfólksins af nýrri stofnun og mikilvægt að þetta verkefni nýrrar stofnunar fái sitt rými og við ítrekum mikilvægi þess að haft sé samráð við þær stofnanir sem á að styðja.

Námshæfing hefur ekki verið með þeim hætti sem skólarnir þurfa á að halda síðustu áratugi. Aðgengi að íslenskum námsgögnum er lítið á framhaldsskólastiginu og lítið verið gefið út af nýju námsefni. Mikilvægt er að kennarar hafði aðgengi að góðum námsgögnum og ekki má gleyma að kennarar þurfa einnig önnur gögn, ítarefni, verkefnabanka, gátlista og margt fleira til að geta skipulagt og framkvæmt kennsluna sem best. Það er til mikilla bóta þegar farið verður í að mæta þeim kostnaði sem nemendur bera vegna námsgagna og eykur jafnræði þeirra á milli.

Við erum með miklar væntingar þegar kemur að nýrri stofnun og erum þess fullviss að með stofnun hennar þá erum við á réttri leið með að mæta þörfum skólanna fyrir þjónustu og getum betur tryggt aðgengi allra skóla að þjónustu og þá um leið sinnt enn betur því mikilvæga hlutverki sem skólarnir gegna.

Virðingarfyllt,  
Helga Kristín Kolbeins  
formaður Skólameistarafélags Íslands